

Fundargerð 26. fundar í Þróunarfélagi Keflavíkurflugvallar 11. júlí 2008 kl. 12:00 á skrifstofu félagsins, byggingu 946, Keflavíkurflugvelli.

Mættir:

Páll Sigurjónsson, stjórnarformaður  
Árni Sigfússon, varastjórnarformaður  
Sveindís Valdimarsdóttir, varastjórnarmaður  
Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar.  
Samþykkt af viðstöddum stjórnarmönnum
2. Kaupsamningur við Keili.  
Tekin var fyrir beiðni frá Keili um breytingu á greiðsluákvæði kauptilboðs í ljósi aðstæðna á lánamörkuðum. Lagt er til að endanlegt ákvæði í kaupsamningi sé svohljóðandi:

*Seljanda og kaupanda er heimilt að semja um að greiðslum, sem inna á af hendi 15. mars 2009 (kr. 100.000.000) og 1. janúar 2010 (kr. 120.389.211) til seljanda, verði frestað allt til þriðjudagsins 1. júní 2010 kl. 16:00. Skulu greiðslurnar bera almenna vexti verðtryggðra lána, eins og þeir eru birtir á hverjum tíma af Seðlabanka Íslands, við undirritun skjals þessa 6,3%. Skulu greiðslurnar og taka mið af byggingarvísitölu eins og hún er birt af Hagstofu Íslands á hverjum tíma. Skal kaupandi þannig greiða vexti og verðbætur frá upphaflegum greiðsludegi til þess dags sem greiðslan er innt af hendi.*

Stjórnin samþykkti ákvæðið og kaupsamninginn að öðru leyti í heild sinni.

3. Kauptilboð Hjálpræðishersins í byggingu 730  
Tekið var fyrir kauptilboð frá Hjálpræðishernum í byggingu 730. Stjórn félagsins samþykkti kauptilboðið og fól framkvæmdastjóra að ganga frá samningum.
4. Samningur við Hilmar Braga Bárðarson  
Tekið var fyrir erindi frá Hilmar Braga Bárðarsyni og samningsdrög um að Hilmar ásamt fjölskyldu sinni flytji tímabundið inn á svæðið í þeim tilgangi að fylgjast með og kortleggja þróun svæðisins í máli og myndum. Stjórn samþykkti samningsdrögin og fól framkvæmdastjóra á ganga frá samningum.
5. Sviðsmyndavinna og stefnumótun  
Stjórn félagsins samþykkti að halda áfram með grunnvinnu við stefnumótun félagsins. Sú vinna verður þó unnin með hliðsjón af aðkomu nýrra hluthafa í félagið.

75.  
Sett  
Rósi  
S.J.L.

6. Samningur við Landhelgisgæsluna  
Tekin voru fyrir drög að samningi við Landhelgisgæsluna um hreinsun skilgreindra svæða. Stjórnin samþykkti samninginn og fól framkvæmdastjóra að undirrita hann fyrir hönd félagsins.
7. Skipulagsmál  
Farið var yfir stöðu á vinnu vegna endurskoðunar á skipulagi svæðisins. Verið er að vinna drög að nýju rammskipulagi sem ætlunin er að nýta sem innlegg í endurskoðun á aðalskipulagi Reykjanesbæjar.  
Drögin gera m.a. ráð fyrir tengingum svæðisins við stofnbrautir, þjónustukjarna og fleira. Mikilvægt er að ná fram góðri tengingu þannig að svæðið verði sem best tengt því sveitarfélagi sem það tilheyrir. Á það við bæði m.t.t. öryggis og þjónustu. Tillögurnar hafa hlotið jákvæðar undirtektir hjá Reykjanesbæ. Stjórn fól framkvæmdastjóra að senda inn erindi til Vegagerðar um viðræður vegna þessa þáttar.
8. Önnur mál.  
Í ljósi þeirrar stöðu sem uppi er á lánamörkuðum þá hefur RI- Ráðgjöf ekki tekist að fjármagna áður gert kauptilboð. Stjórn samþykkti því tilboð í tímabundna leigu á byggingu 941 til RI-Ráðgjafar. Framkvæmdastjóra og stjórnarformanni var falið að ganga frá málum.

Fleira var ekki gert og fundi slitið

*Þóroddur Sigurðsson*  
*Ses! Ágúst Ólafsson*  
*Ses! Sigrún Elva Þorjónsdóttir*